menningarmál

Saga Evrópu 1945–1980

Walter laqueur: Europe since Hitler. The rebirth of Europe. Revised Edition. Penguin Books 1982. 607 bls.

Árið 1970 kom út eftir Walter Laqueur bók með sama heiti og sú, sem hér er til umfjöllunar. Hún fjallar um sögu Evrópu frá stríðslokum og fram til loka 7. áratugarins. Síðan þá hafa miklir atburðir orðið í sögu Evrópu og margt breyst. Af þeim sökum tók höfundur sig til og bætti við ýtarlegum kafla um Evrópu á 8. áratugnum og kom hún út í fyrra undir sama heiti og eldri bókin. Sú bók er til umræðu hér.

Höfundur skiptir bókinni í fjóra meginþætti. Hinn fyrsti fjallar um fyrstu átta árin frá því stríðinu lauk, tímabilið frá því Þjóðverjar gáfust upp og þar til Stalín féll í valinn árið 1953. Í þessum þætti ræðir hann þær breytingar sem blöstu við á stjórnmálalegu korti yfir Evrópu við stríðslok, um hið nýja valdajafnvægi þar sem tvö stórveldi stóðu andspænis hvoru öðru grá fyrir járnum og önnur ríki voru háð þeim að flestu eða öllu leyti. Hann segir frá uppgjörinu við samstarfsmenn nasista á stríðsárunum, frá innanlandsmálum í öllum helstu ríkjum Evrópu á þessu skeiði, frá kalda stríðinu og hruni styrjaldarbandalags Breta, Rússa, Bandaríkjamanna og Frakka, frá tilraunum til sameiningar Evrópuríkja, frá nýjum stjórnmálahugmyndum, sem skutu upp kollinum á þessu tímabili, hnignum sósíalismans í V-Evrópu og frá Evrópukommúnismanum. Ennfremur segir frá valdatöku kommúnista í ríkjum A-Evrópu og frá Þýskalandsmálinu og stofnun þýsku ríkjanna tveggja.

Í öðrum þætti segir frá þróun efnahags- og félagsmála í ríkjum Evrópu frá stríðslokum og fram á vora daga. Þar greinir höfundur fyrst frá ástandinu í evrópskum efnahagsmálum eins og það var við lok styrjaldarinnar, frá endurskipulagningu þess og uppbyggingu og þeim risaskrefum, sem Evrópuþjóðirnar stigu flestar í efnahagslegu tilliti á 6. og 7. áratugnum. Ennfremur segir gjörla af nýskipan félagsmála á þessu skeiði og ýtarlegir kaflar eru um ný fyrirbrigði, eins t.d. aukinn frítíma og áhrif þess á efnahagslífið, þar sem nýjar atvinnugreinar á borð við túrisma hafa sprottið upp vegna frítímans og hafa aftur orðið mikilvægar í efnahagslífi einstakra landa t.d. Spánar og Ítalíu.

Í þriðja þætti eru menningarmál til umræðu. Þar fjallar höfundur um helstu nýmæli og viðhorf sem fram hafa komið í menningarmálum á eftirstríðsárunum. Hann gerir þar glögga grein fyrir ýmsum helstu stefnum í bókmenntum, heimspeki og listum, ræðir um þróun mála í hverju landi fyrir sig og gerir síðan grein fyrir þeim nýju öflum sem fram hafa komið með gjörbreyttri fjölmiðlun og þekkingarbyltingunni svokölluðu. Laqueur ræðir bæði kosti og galla þessara þátta og þá miklu ábyrgð, sem hvíli á stjórnendum td. sjónvarps og útvarps en þeir geti oft ráðið því að miklu leyti hvaða efni komist til meirihluta þjóðanna. Hann bendir á dæmi, sem m.a. Íslendingar hafa fengið að kynnast á undanförnum árum, um áhrif sjónvarps, þar sem þeim sem vel koma fyrir í sjónvarpi virðast flestir vegir færir, m.a. í stjórnmálum, en reynist svo lítt hæfir þegar á hólminn sé komið utan upptökuklefans. Einnig er í þessum þætti mjög athyglisverður kafli um menningarmál í A-Evrópu á árunum eftir dauða Stalíns.

Í 4. þætti er svo fjallað um evrópsk stjórnmál á tímabilinu 1955-1970. Þar fjallar höfundur um þróun mála í hverju landi fyrir sig, en leggur sérstaka áherslu á umfjöllun um stórveldafundinn í Genf, á atburðina í Póllandi í október 1956, uppreisnina í Ungverjalandi, Súezdeiluna, samskipti austurs og vesturs, Gaulismann. Efnahagsbandalag Evrópu, stúdentauppreisnirnar 1968 og innrásina í Tékkóslóvakíu sama ár.

Loks ber svo að nefna alllangan kafla eða ritgerð um þróun mála í Evrópu á 8. áratugnum. Þar greinir höfundur helstu orsakir þess að svo margt hefur gengið miður en áður á þessu skeiði. Hann fjallar þar um Evrópu almennt og ræðir ekki um innanlandsmál nema í helstu ríkjunum, Sovétríkjunum, V-Þýskalandi, Frakklandi, og Bretlandi. Þó eru sérstakir kaflar um endurreisn lýðræðis á Spáni, í Portúgal og Grikklandi.

Höfundur þessarar bókar, Walter Laqueur, er þýskur Gyðingur, fæddur í Breslau árið 1921, en fluttist frá Þýskalandi árið 1938 og starfar nú sem prófessor í samtímasögu við háskólann í Tel Aviv. Hann er einn af virtustu sagnfræðingum okkar tíma og auk háskólakennslunnar hefur hann með höndum ýmisleg störf á alþjóðlegum vettvangi. Hann er forseti rannsóknarstofnunar alþjóðamála við háskólannn í George - town í Washington, ritstýrir The Washington Papers og The Washington Quarterly, er framkvæmdastjóri rannsóknarstofnunar í samtímasögu í Lundúnum og ritstjóri Journal of Contemporary History, sem margir Íslendingar munu kannast við. Hann er stórvirkur rithöfundur og hefur samið tugi bóka um sögu þessarar aldar, þar á meðal: The Terrible Secret, um áætlanir Hitlers um útrýmingu Gyðinga, Sögu Zíonismans, og menningarsögu Weimarlýðveldisins. Nú síðast hafa komið frá honum tvær skáldsögur, sem báðar fjalla um Gyðinga í þriðja ríkinu og ferð þeirra til fyrirheitna landsins.

Þessi bók, sem hér er fjallað um, er hrein náma af fróðleik um sögu Evrópu eftir stríð. Hún er sett fram á skilmerkilegan og læsilegan hátt og ætti að koma mörgum að gagni, sem vilja fá greinargott yfirlit yfir þróun mála í Evrópu á þessu skeiði. Í bókarlok er ýtarleg heimildaskrá.

Jón Þ. Þór.



■ Sveinn Björnsson við eitt verka sinna.

Myndlist á heimsmælikvarða

■ Ekki verður annað sagt, en að nýliðinn vetur hafi verið ríkur af myndlistarsýningum og því ekki að undra þótt uppskera vorsins sé einnig nokkuð góð. Magn er eitt ot gæði annað, á þessu sviði sem öðrum. Um magnið þarf ekki að ræða, það hefir verið gífurlegt, bæði á Stór-Reykjavíkur svæðinu, sem og út um land. Gæðin ætla ég mér ekki að dæma um, það eru orðin svo mörg ár síðan ég ritaði myndlistargagnrýni fyrir fjölmiðla borgarinnar. Þó varð ein heimsókn á myndlistarsýningar mér einkar minnisstæð, einmitt þessa dagana, en það var á sýningar þær sem nú standa yfir á Kjarvalsstöðum.

Í austurhluta hússins hefir Sveinn Björnsson fyllt sali af sínum einstæðu myndum. Er hann hóf að sýna myndir sínar almenningi, var ég einmitt í starfi sem myndlistargagnrýnandi og spáði honum þá góðri framtíð. Það er alveg einstök ánægja að koma svo á þessa sýningu og sjá hvernig þær hugmyndir og væntingar er ég gerði mér þá hafa rætst.

Auk þess að þora alltaf að koma til dyranna eins og hann er klæddur og tjá sjálfan sig jafn einlæglega og hann gerir í myndum sínum hvort sem er um smámyndir og teikningar að ræða eins og samstæðurnar sem hanga inn á milli í salnum og anddyrinu, þá er svo mikill barnsleiki og einlægni í mynd hans Saga mín sem gefur hverjum þeim er hefir tíma til að skoða og njóta ótal hugmyndir um manninn, lífssvið hans og hvernig lífið hefir reynst honum. Ég spáði ýmsu um Svein á sínum tíma. Nú spái ég því að konumyndin, sem við sjáum í verkum Sveins, eigi eftir að verða merkisteinn í íslenskri listsögu. Hvort sem kona sú er dýrlingur, mey, móðir eða eiginkona. Hvað sem hennar endanlega nafn verður. Þá er hún aldrei eins, aldrei monoton , aldrei þreytandi. Hún er síbreytileiki konunnar í túlkun listamanns, sem þorir að velja sér knappt form til fjölbreytilegrar túlkunar. En frá teikningunum og fjölbreytni einfaldleikans til hins stóra og stælta í list Sveins.

Þar rís Sveinn hæst er hann málar sínar flennistóru myndir eins og Þjóðarhag og Dumbund og þá ekki síður, þeir fara í fyrsta flokk. Hann málar lífæð þjóðar. Frá fólkinu sem býr í litlu húsunum í miðlínu myndanna út á miðin sem bátarnir sækja, er liggja í höfn bakgrunnsins, að hinni fullunnu vöru saltfiskinum sem æpir á þig í forgrunni myndarinnar, en leiðir þó aftur til hringferða augans um heildarmyndefnið. Hin fullunna framleiðsla lyftist út úr raunveruleikanum, sem að baki liggur, hann verður hinn kyrrláti bakgrunnur. Aðeins Kjarval (í Landsbankanum) og Laxness hafa gert þetta á svipaðan hátt. „Lífið er saltfiskur". Enginn þessara líkir hver eftir öðrum. Þeir eiga allir sína einstöku leið til að koma undirstrikun aðalatriða til skila til sjáandans eða lesandans, svo að hver sá er vill skilja megi skilja. Þarna rís Sveinn yfir aðra, ekki yfir jafningja, þá vantar.

Í vesturhluta hússins sýnir svo Guðmundur Karl Ásbjörnsson svo olíu og vatnslitamyndir. Heildarsvipur sýningar hans er einkar notalegur. Hann hefir tök á að endurgefa okkur íslenskt landslag og einnig erlent er svo býður við að horfa á sama hátt í mörgu og Ásgrímur Jónsson gerði á sínum tíma. Myndir hans norðan úr Skíðadal og öðrum dölum Eyjafjarðar voru þær sem kannske vöktu hvað mesta athygli mína, sem mannsins sem kemur inn af götunni og vill fá að sjá eitthvað fagurt í myndlist. Með þessu vil ég á engan hátt segja að hann líki eftir Ásgrími, heldur hitt að þessar myndir vekja með mér sömu kennd og er ég skoða myndir Ásgríms. Undirstrikun hans á aðalatriðum í myndfleti, hvernig hann leiðir skoðandann um myndefnið er með þeim hætti að veldur hugró og hlýju. Á sínum tíma er Guðmundur sýndi í Þýskalandi töldu gagnrýnendur þar hann stórbrotinn og „Monumental", í list sinni. Þetta er rétt. Hann þorir að beita litum undirstrikunum í myndum sínum á þann hátt að enginn meðalmálari vinnur þannig. Því hefir hann skipað sér þann sess er hann nú gerir, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig í mið Evrópu.

Af vatnslitamyndum vöktu hvað mesta athygli mína, Rofabarð (20), og Kleifarvatnsmyndir. Guðmundur Karl vinnur vel og gefur skoðandanum þá gleði er hann væntir við skoðun mynda hans, kannske mest með því að stjórna athygli skoðandans að réttum aðalatriðum með myndbyggingu sinni og litabreytinu. Brennandi bátar sýna einnig sérstæð vinnubrögð hans með vatnsliti.

Það er langt síðan ég hefi fengið jafn mikið út úr því að skoða myndlistarsýningar eins og þessar tvær á Kjarvalsstöðum, svo að ég fékk ekki orða bundist.

Hafi báðir listamennirnir heila þökk fyrir framlag sitt.

Sigurður H. Þorsteinsson.



Jón Þ. Þór skrifar um erlendar bækur



■ **Sigurður H. Þorsteinsson skrifar um myndlist**

Bretinn á Íslandsmiðum

Jón Þ. Þór
Brezkir togarar og Íslandsmið 1889-1916
Hið íslenzka bókmenntafélag.

■ Fiskimálasjóður og Landssamband íslenzkra útvegsmanna hafa stutt útgáfu þessarar bókar. En hér er rakin saga brezkra togaraveiða á Íslandsmiðum frá upphafi þar til heimsstyrjöldin fyrri tók fyrir þá sjósókn Breta um stundarsakir.

„Enginn dregur þó ætli sér
annars fisk úr sjó",

segir í gömlu ljóði. Það speglar þá skoðun eða trú, að sjórinn geymdi nóg fyrir alla enda kvað Hannes Hafstein um ótæmandi auðlindir sævar um síðustu aldamót.

Jón Ólafsson eygði í „einum svip 40 franskar duggur, fimmtán róðrarskip". Þeirri staðreynd varð svarað í samræmi við það sem Einar Benediktsson kvað:

„Vissir þú hvað Frakkinn fékk
til hlutar?
Fleytan er of smá. Sá grái er utar."

Það var ekki fyrr en togarar voru komnir á Íslandsmið, sem menn fundu til þess að útlendingar væru að taka björgina frá Íslendingum. Þá duldist mönnum ekki að togararnir gengu á hlut landsmanna, en þeir mokuðu fiskinum upp á miðum árabáta.

Fyrir nærri sextíu árum barst mér í hendur slitur úr gömlu dagblaði, þar sem birt var lítið kvæði. Ég held það hafi byrjað svona:

„Vóð hinn vígsterki
á Vinuheiði.
Egill ógndjarfur
und Aðilsmerki."

Í framhaldi voru þessi orð:

„Bretar og Skotar
í bunkum lágu.„

En eftir þessa stórkostlegu mynd fornaldarinnar, þar sem Egill Skallagrímsson hlóð valkesti á breskri grund, var horfið til samtíðarinnar og þá kom þetta:

„Hrífa hundmargir
hvaðanæva
Bretar og Skotar
bjargir vorar".

Mér hefur fundist að þetta smákvæði speglaði býsna vel viðhorf íslenzkrar alþýðu og máttvana reiði og gremju vegna yfirgangs tæknibróaðra útlendinga á fiskimiðunum. Áður sáu menn að Íslendingar urðu að standa jafnfætis framandi þjóðum á útgerðarsviði. Það vissu framsýnir menn löngu fyrr, svo sem sr. Gunnar Pálsson er hann kvað:

Ef menn vildu Ísland
eins með fara og Holland
held ég varla Holland
hálfu betra en Ísland.
Auðugt nóg er Ísland
af ýmsu er vantar Holland
eða hví mun Holland
hjálpa sér við Ísland?

Nú sáu menn að ekki dygði annað en verja landhelgina og rýmka hana. Þessi bók segir m.a. frá vörzlunni og hún er jafnframt saga um tildrög þess sem síðar gerðist um útfærsluna.

Ýmislegt hefur verið skrifað um fyrstu ár togveiða við Ísland og raunar allt á síðustu árum. Heimir Þorleifsson skrifaði Sögu íslenzkrar togaraútgerðar fram til 1917, Gísli Ágúst Gunnlaugsson birti í Sögu ritgerð um Fiskveiðideilu Íslendinga og Breta 1896 og 1897 og Björn Þorsteinsson skrifaði bók sína um Tíu þorskastríð. Allt er þetta frá síðasta áratug.

Jón Þór virðist hafa unnið verk sitt af trúmennsku og samvizkusemi. Sé leitað eftir einhverju sem kalla mega endurskoðun á eldri viðhorfum, væri það líklega helzt að Danir væru varðir fyrir ámæli um slælega landhelgisgæzlu. Fullyrða má, að sumir foringjar þeirra vildu rækja starf sitt vel. Hins vegar voru kröfur manna til gæzlunnar miklar og nauðsyn vörzlunnar miklu meiri en unnt var að sinna með þeim skipakosti sem um var að ræða. Eins má segja, að athugun mála hafni þeim skilningi að Danir hafi selt Bretum íslenzk mið til að ná betri markaði fyrir landbúnaðarvörur sínar í Bretlandi. Þriggja mílna samningurinn 1901 var eðlilegur eins og þá stóð á, enda fannst sumum að unninn hefði verið varnarsigur. Annað mál er, að samningur til margra áratuga er varhugaverður, hvort sem samið er um fiskveiðatakmörk eða rafmagnsverð. Menn sjá svo skammt fram í tímann.

Óhætt mun vera að segja, að Jón Þór hafi hér skilað riti sem er traust og næsta ýtarlegt ágrip af sögu brezkra togaraveiða við Ísland fram til 1916. Þar hefur hann náð tilgangi sínum. Og það er varla við að búast, að slíkt yfirlitsverk sé ósvikinn skemmtilestur spjaldanna á milli.

Á bls. 30 standa þessi orð:

„Enn átti þó eftir að ganga frá þessum málum til frambúðar." Hér hefði ég viljað lesa: Enn var þó eftir, þar sem ég veit ekki til þess að neinn eða neitt „Enn" hafi átt eftir að ganga frá málunum. Veit ég þó að sumir segja, að hér rísi ég gegn eðlilegri og sjálfsagðri þróun málsins og það sé alveg ástæðulaust og algjörlega vonlaust.

Hvað um það. Þetta hlýtur að teljast minniháttar aðfinnsla að sagnfræðiriti.

H.Kr.



Halldór Kristjánsson skrifar um bókmenntir